

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 48

Dags. 17.10.2013

## **Skipulags- og umhverfisnefnd - 17.10.2013**

---

### **48. fundur.**

17. október 2013 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

---

#### Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Árni Pétur Hilmarsson

Guðrún Tryggvadóttir

Hörður Þór Benónýsson

Snæfríður Njálisdóttir (Varamaður í fjarveru Þórunnar Jónsdóttur)

#### Dagskrá:

1. Illugastaðir í Fnjóskadal. Heimild til deiliskipulagsgerðar.
2. Afréttarland í Þingeyjarsveit . Stofnun þjóðlendu
3. Fnjósatunga Fnjóskadal. Deiliskipulag

#### Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

### **1. Illugastaðir í Fnjóskadal. Heimild til deiliskipulagsgerðar.**

#### **S20131001**

Erindi dags 25. september 2013 frá Ágústi Hafsteinssyni, arkitekt, fyrir hönd landeiganda Alþýðusambands Norðurlands en óskar eftir heimild til þess að fá að deiliskipuleggja svæði fyrir frístunda- og þjónustuhús í landi Illugastaða í Fnjóskadal skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í landi Illugastaða eru nú 31 orlofshús, eitt íbúðar- og þjónustuhús, geymsluhús, ásamt sundlaug og þjónustuhúsi með búningsklefum.

Ekki er til samþykkt deiliskipulag af landi Illugastaða. Landeigandi sér fyrir sér nýja byggð með frístundahúsum sem útleiguhús fyrir félagsmenn stéttarféлага ásamt frístundahúsum fyrir einkaaðila. Auk þess er áhugi á að auka enn við núverandi þjónustu á svæðinu með stækkun á þjónustuhúsi, húsum með smáíbúðum og tjaldsvæði.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir heimild til handa landeiganda til að láta vinna deiliskipulag vegna stækkunar á orlofshúsasvæðinu á Illugastöðum skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin vill vekja athygli á því að samhliða deiliskipulagsgerðinni þarf að breyta Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 til samræmis við stækkun svæðisins.

### **2. Afréttarland í Þingeyjarsveit. Stofnun fasteignar (þjóðlendu).**

#### **S20131002**

Erindi dags 20. september 2013 frá Forsætisráðuneytinu, þar sem sótt er um heimild til að stofna fasteign (þjóðlendu) sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Með síðari breytingum. Heiti fasteignar er Afréttarland í Þingeyjarsveit.

Fylgigögn með umsókn eru útdráttur úr úrskurði óbygðanefndar í máli nr. 3/2007 dags 6. júní 2008 og landspildublöð.

Afréttarland í Þingeyjarsveit.

Land innan eftirfarandi marka, þ.e. afréttarland í Þingeyjarsveit, er þjóðlenda og að undanskildum Tungnafellsjökli, afréttur jarða í fyrrum Bárðdæla- og Ljósavatnshreppum:

Frá Skjálfandafljóti við Hrafnabjörg er fljótinu fylgt til uppataka við jaðar Rjúpnabrekkujökuls. Þaðan er jökuljaðrinum fylgt til vesturs að mörkum Þingeyjarsveitar og Rangárþings Ytra (Ásahreppur) og miðaða við stöðu jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendlaga 1. Júlí 1988 sbr. 22. Gr. þjóðll. Þaðan er sveitarfélagsmörkunum fylgt að hornmarki milli Þingeyjarsveitar, Eyjafjarðarsveitar og Rangárþings Ytra (Ásahreppur). Þaðan er sveitarfélagsmörkunum Þingeyjarsveitar og Eyjafjarðarsveitar fylgt þangað til Fnjóská sker þau í Bleiksmýrardrögum. Þaðan er Fnjóská fylgt að gili sem liggur við sunnanverða Einstökutorfu. Því gili er síðan fylgt inn í innstu drög þess og þaðan er lína dregin stystu leið í vatnaskil Mjóadalsár og Fnjóskár. Vatnaskilum er svo fylgt þar til þau skera beina línu sem dregin er frá Galthóli í Sjónarhól og áfram í sömu stefnu til vesturs. Nefndri línu er fylgt þaðan til austurs að Rangá. Þaðan er Rangá fylgt að ósi. Frá ósi Rangár er dregin bein lína í hólmann í Íshólsvatni og þaðan að upphafspunkti í Skjálfandafljóti við Hrafnabjörg.

Skipulags- og umhverfisnefnd frestar afgreiðslu málsins með vísan í dóm Hæstaréttar í máli nr. 411/2012, íslenska ríkið gegn Þingeyjarsveit, sem féll 26. september 2013.

### **3. Fjósatunga. Deiliskipulag S20120402**

Tekið fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Fjósatungu í Fnjóskadal. Málið var síðast á dagskrá á 44. fundi nefndarinnar 23. maí s.l. Innkomin ný göng, drög að deiliskipulagi og greinargerð dags. 15. október 2013 frá Búgarði (GHG).

Lagt fram til kynningar. Nefndin felur skipulags- og byggingarfulltrúa falið að hafa samband við umsækjanda og gera honum grein fyrir umræðum á fundinum.

Fundi slitið